

FUNDARGERÐ

231. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 20. september 2023 í gegnum Teams

Mættir

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umferðarhávaði á Akureyri
3. Svifryksmælingar á Akureyri
4. Fjárhagsáætlun ársins 2024
5. Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra
6. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni um lóð
7. Umsagnir
8. Útgefin starfsleyfi
9. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
10. Staðfestar skráningar
11. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 230. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 28. júní sl. Þá var að enn rætt um svifryk og umferðarhávaða á Akureyri og sein svör Akureyrarbæjar við fyrirspurnum heilbrigðisnefndar. Í tölvupósti frá Umhverfis- og mannavirkjasviði sem barst þann 11. september sl. kom fram að tveir þeirra loftgæðamæla sem settir voru upp sl. vetur voru teknir niður aftur og sendir til yfirferðar hjá Umhverfisstofnun. Aðrir mælar hafi verið teknir í notkun og bærinn grípur til sömu aðgerða og gripið er til varðandi mæli við Strandgötu ef styrkur svifryks mælist yfir mörkum. Upplýsingar

úr nýju loftgæðamælunum eru enn ekki aðgengilegar á vefnum loftgaedi.is vegna tengingarmála. Í svari Akureyrarbæjar kom einnig fram að vinna við uppfærðar verklagsreglur varðandi aðgerðir gegn svifryki er hafin.

Varðandi umferðarhávaða þá kom fram að ekkert fjármagn er merkt nýjum hljóðvörnum en að reynt sé að gera ráð fyrir hljóðvörnum í tengslum við nýframkvæmdir. Einnig kom fram að unnið er að uppfærðri aðgerðaráætlun gegn umferðarhávaða í samvinnu við Umhverfisstofnun og Vegagerðina.

2. Umferðarhávaði á Akureyri

Fram kemur í ofangreindu svari Akureyrarbæjar við fyrirspurn Heilbrigðisnefndar að ekki hefur verið gripið til neinna aðgerða til þess að draga úr umferðarhávaða frá þeim svæðum í bænum þar sem hljóðstig reiknast hvað hæst. Þrátt fyrir að aðgerðir á þessum svæðum hafi átt að vera í forgangi samkvæmt aðgerðaráætlunum sem hafa verið í gildi frá árinu 2013.

Að mati heilbrigðisnefndar þjóna aðgerðaráætlanir gegn umferðarhávaða afar takmörkuðum tilgangi ef áætlunum fylgja ekki aðgerðir af neinu tagi. Nefndin beinir því til Akureyrarbæjar að án frekari tafa verði gripið til raunverulegra aðgerða til þess að draga úr umferðarhávaða á þeim svæðum sem hávaðinn er mestur.

3. Svifryksmælingar á Akureyri

Enn hefur ekki verið lokið frágang á loftgæðamælum sem settir voru upp í upphafi árs 2023 og tveir mælanna hafa verið teknir niður aftur og sendir til yfirferðar hjá Umhverfisstofnun. Engar upplýsingar úr mælunum eru aðgengilegar á vefsíðunni loftgaedi.is og gagnast því mælarnir almenningi lítið. Fram kemur í svari Akureyrarbæjar að vinna við endurskoðun á verklagsreglum gegn svifryki sé hafin á vegum bæjarins.

Heilbrigðisnefnd bendir á að nú fer sá tími í hönd þar sem búast má við að styrkur svifryks mælist yfir viðmiðunarmörkum, því er mikilvægt að lokið verði við uppsetningu mælanna sem allra fyrst og niðurstöður úr þeim gerðar almenningi aðgengilegar. Að sama skapi þarf að ljúka vinnu við uppfærðar verklagsreglur gegn svifryki og hefja vinnu samkvæmt þeim. Nefndin ítekar það sem fram kom í bókun frá 230. fundi varðandi það að niðurstöður skýrslu um upprunagreiningu svifryks verði hafðar til hliðsjónar við gerð verklagsreglna gegn svifryki

4. Fjárhagsáætlun ársins 2024

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun vegna ársins 2024. Áætlunin gerir ráð fyrir að kostnaðarliðir hækki um 18,7% á milli ára. Í samræmi við bókun á 229. fundi Heilbrigðisnefndar þann 3. maí sl. er gert ráð fyrir að bætt verði við einu stöðugildi til viðbótar og að starfandi heilbrigðisfulltrúar verði 5 á árinu 2024. Lagt er til að upphæðir eftirlitsgjalda í gjaldskrá verði hækkaðar, hlutfallslega mest í lægstu

gjaldaflokkunum og til samræmis við gjaldskrár annarra heilbrigðiseftirlitssvæða. Gert er ráð fyrir að sýnatökugjald hækki um 7% og taki mið af raunkostaði frá rannsóknarstofu. Önnur gjöld í gjaldskránni verða hækkuð um 9%. Áætlunin gerir ráð fyrir að íbúaframlag sveitarfélaganna verði 37,6% á árinu 2024 miðað við 36,1% í áætlun ársins 2023.

Ekki er gert ráð fyrir neinum eignabreytingum hjá HNE á næsta ári og því ekki lögð fram eignabreytingaáætlun.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða sem og tillaga að gjaldskrárbreytingum

5. Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra

Leifur Þorkelsson kynnti tillögu að uppfærðri viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Áætlunin er útbúin í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 15. gr. reglugerðar nr. 787/19990 um loftgæði og samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar.

Heilbrigðisnefnd samþykkir viðbragðsáætlunina og að hún verði birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurland eystra.

6. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni um lóð

Nokkuð hefur verið um kvartanir vegna umgengni um lóðina Hamragerði 15 á Akureyri. Á lóðinni hafa safnast upp fjölmargir bílar, með og án skráningarkerfja, hjólar og fleiri lausamunir. Með bréfi dagsettu þann 4. júlí sl. var lóðarhafi hvattur til að virða samþykkt nr. 463/2002 um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og hlutast til um tiltekt á lóðinni. Þrátt fyrir það hefur ekki verið brugðist við á nokkurn hátt og enn er mikill fjöldi bíla og annarra lausamuna á lóðinni.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita lóðarhafa frest til 20. október nk. til þess að ljúka tiltekt á lóðinni. Hafi ekki verið brugðist við á fullnægjandi hátt fyrir þann tíma mun nefndin taka ákvörðun um beitingu þvingunarúræða í samræmi við XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. Umsagnir

1. Stóri-Hamar í Eyjafjarðarsveit, umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi vegna efnistöku
2. Akureyrarflugvöllur, umsögn um tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi

3. Umsögn vegna skoðunar HNE á starfsemi Landsvirkjunar á þeistareykjum og í Kröflu.
4. Umsögn vegna sölu áfengis á framleiðslustað, umsækjandi Mývatn ehf.

8. Útgefin starfsleyfi

1. Olís ehf. kt. 500269-3249, Skíðabraut 21, 620 Dalvík, söluskáli með óvarin matvæli.
2. Húsheild ehf. kt. 640107-0300, Jarðbaðshólum, 660 Mývatn, skrifstofurými og matsalur vegna nýbyggingar jarðbaðanna við Mývatn.
3. Hótel Hálönd ehf. kt. 610122-2050, Heimalandi 5, 603 Akureyri, stærra gistiheimili með móttökueldhúsi.
4. Evros ehf. kt. 670999-3199, Helgamagrastræti 2, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
5. Hótel Kjarnalundur ehf. kt. 660515-1350, Hafnarstræti 20, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
6. Berjaya hotels iceland hf. kt. 621297-6949, Þingvallastræti 23, 600 Akureyri, hótel með veitingasölu.
7. Tryggur ehf. kt. 701214-0640, Efri-Rauðilækur, 604 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
8. Vinnuvélar Smára ehf. kt. 560507-1510, Skógarmelar 1, 607 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
9. Orlofsíbúðir ehf. kt. 621209-3450, Stórholt 1, 603 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
10. Orlofsíbúðir ehf. kt. 621209-3450, Gránufélagsgata 19, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
11. Manifesto ehf. kt. 450309-1090, Karlsrauðatorg 4, 620 Dalvík, gististaður án veitingasölu.
12. Fala ehf. kt. 430718-0290, Strandgata 11, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
13. Akkor ehf. 580822-1260, Hafnarstræti 67, 600 Akureyri, North restaurant, veitingastaður í húsnæði Hótel Akureyri.
14. Hafla Iceland ehf. 571121-1070, Ráðhústorgi 1, 600 Akureyri, skyndibitastaður. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
15. Akureyrarbær kt. 4101696229, Bugðusíða 2, 603 Akureyri, Krógaból, leikskóladeild í Síðuskóla.
16. Akureyrarbær kt. 4101696229, Víðivelli, 600 Akureyri, Iðavöllur, leikskóladeild í Oddeyrarskóla.
17. Vefheimar fasteignafélag ehf. kt. 600223-1270, Geislagata 10 (203), 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
18. Helgi Ólafsson kt. 050267-4589, tímabundið starfsleyfi vegna niðurrifs hluta af Strandgötu 17 á Akureyri.
19. Leik og dansstúdíó Alice kt. 480814-0530, Hrísalundur 5, 600 Akureyri, dansskóli og heilsurækt.
20. Pangea ehf. kt. 491009-1520, Þórunnarstræti 114 (101), 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.
21. Háskólinn á Akureyri kt. 52068-71229, Norðurslóð 2, 600 Akureyri, mötuneyti með fullbúnu eldhúsi.
22. Kristinn Guðlaugsson, kt. 100454-569, (Mývó ehf. kt. 650219-2790) Geiteyjarströnd 4, 660 Mývatn, sala á gistingu án veitingasölu.
23. Stekkjavík ehf. kt. 630414-1050, Austurvegur 44, 630 Hrísey, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

24. Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir kt. 261093-3249, Laugarholti 3a, 640 Húsavík, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
25. Rjúpa Invest ehf. kt. 530623-0410, Lækjargata 6, 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
26. Katherine nails & lashes kt. 500818-0500, Glerártorg, 600 Akureyri, snyrtistofa. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
27. Valva ehf. kt. 460207-2070, Aðalstræti 9, 600 Akureyri, nuddstofa. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

9. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Útgerðarfélag Akureyringa kt. 500209-0620, Austurhlíðarvegi 2, 650 Laugum í Reykjadal, heitloftspurrkun fiskafurða.
2. Fura ehf. kt. 621281-1009, Óseyri 3, 603 Akureyri, móttaka og meðhöndlun á málmum og hjólbörðum til endurvinnslu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars

10. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. Norðurþing kt. 640169-5599, flugeldasýning við Húsavíkurhöfn 29. júlí 2023.
2. Ásta Kristín Sýrusdóttir kt. 200560-2219, framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum, Freyjunesi 4, 603 Akureyri.
3. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689, flugeldasýning við Drottningarbraut 6. ágúst 2023.
4. Car-x ehf. kt. 490304-3390, Njarðarnes 8, 603 Akureyri, bílaverkstæði.
5. V-MAX bílaverkstæði ehf. kt. 540423-0590, Fjölнисgötu 6a (102) Akureyri, bílaverkstæði.

11. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í lok október.

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson